# Ársreikningur
# 2016

Akraneskaupstaður

Fasteignafélag
Akraneskaupstaðar slf.

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Áritun endurskoðanda | 3-4 |
| Skýrsla og áritun stjórnar | 5 |
| Rekstrarreikningur | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8-9 |
| Sjóðstreymi | 10 |
| Skýringar | 11-14 |
| Rekstur deilda | 15 |

Fasteignafélag Akraness slf.
kt. 630905-1330
Stillholti 16-18
300 Akranesi

# Áritun endurskoðanda

*Til stjórnar Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf.*

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

**Álit**

Við höfum endurskoðað ársreikning Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskila-aðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur álits**

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Á*byrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við áfallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi félagsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:**

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, 9. maí 2017.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

_____________________________________________

Löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla og áritun stjórnar

Tilgangur félagsins er að eiga og reka fasteignir, stunda eignaumsýslu, ásamt tengdum rekstri. Félagið er stofnað með það að markmiði að starfa sem rekstrar- og eignarhaldsfélag um fasteignir í þágu Akraneskaupstaðar. Akraneskaupstaður ábyrgist allar skuldbindingar félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 7.944 þús. kr. á árinu en rekstrartekjur voru 99,8 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir fyrirtækisins í árslok 1.091,3 millj. kr. og heildarskuldir 357,1 millj. kr. Eigið fé í lok ársins nam 734,2 millj. kr.

Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, með beinni eignaraðild 99%, annað í eigu einkahlutafélags sem kaupstaðurinn á.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Stjórn Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, 11. apríl 2017.

**Stjórn:**

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | 2016 | 2016 Áætlun | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | |
| Húsaleiga ........................................................................ | | 99.706.242 | 98.739.000 | 81.000.000 |
| Innri afnot eignasjóðs ..................................................... | | | | 16.350.000 |
| Aðrar tekjur .................................................................... | | 132.746 | | |
| | 2 | 99.838.988 | 98.739.000 | 97.350.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ................................................ | 4 | 62.424 | 175.196 | 114.776 |
| Önnur rekstrargjöld ......................................................... | 5 | 29.420.676 | 32.460.000 | 31.670.726 |
| Afskriftir ......................................................................... | 7 | 38.575.091 | 38.272.000 | 38.271.384 |
| | 2 | 68.058.191 | 70.907.196 | 70.056.886 |
| Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða ............................... | | 31.780.797 | 27.831.804 | 27.293.114 |
| **Fjármagnsliðir:** | | | | |
| Vaxtatekjur ..................................................................... | | 1.472.277 | | |
| Vaxtagjöld ...................................................................... | | (25.309.155) | (36.035.000) | (26.935.377) |
| | 6 | (23.836.878) | (36.035.000) | (26.935.377) |
| **Hagnaður (tap) ársins .........................................................** | 1,2,3 | **7.943.919** | **(8.203.196)** | **357.737** |

# Efnahagsreikningur

**Eignir:**

| | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir ..... | 2,7,8 | 1.090.708.667 | 1.127.035.465 |
| Fastafjármunir | | 1.090.708.667 | 1.127.035.465 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Aðalsjóður ..... | | 620.120 | 8.561.160 |
| Veltufjármunir | | 620.120 | 8.561.160 |
| **Eignir samtals** | | **1.091.328.787** | **1.135.596.625** |

# 31. desember 2016

## Eigið fé og skuldir:

| | Skýr. | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Annað eigið fé ........................................ | | 734.199.228 | 726.255.309 |
| Eigið fé | 9 | 734.199.228 | 726.255.309 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Kvöð vegna virðisaukaskatts ........................................ | 3,10 | | |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Aðalsjóður ........................................ | 11 | 330.578.646 | 382.056.311 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir ........................................ | | 32.373 | |
| Aðalsjóður, áfallnir vextir ........................................ | | 43.340 | 45.477 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda ........................................ | | 26.475.200 | 27.239.528 |
| Skammtímaskuldir | | 26.550.913 | 27.285.005 |
| Skuldir samtals | | 357.129.559 | 409.341.316 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **1.091.328.787** | **1.135.596.625** |

# Sjóðstreymi árið 2016

| | 2016 | 2016 Áætlun | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður (tap) ársins ...................................................... | 7.943.919 | (8.203.000) | 357.737 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir ........................................................................ | 38.575.091 | 38.272.000 | 38.271.384 |
| Verðbætur langtímaskulda .......................................... | 8.592.500 | 18.683.000 | 8.610.583 |
| Veltufé frá rekstri | 55.111.510 | 48.752.000 | 47.239.704 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímaskuldir, hækkun ........................................ | 30.236 | | 45.477 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | 30.236 | 0 | 45.477 |
| Handbært fé frá rekstri | 55.141.746 | 48.752.000 | 47.285.181 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í endursölueignum: | | | |
| Faxabraut 3 ................................................................... | (2.248.293) | 0 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Afborganir langtímalána, Aðalsjóður ............................... | (60.834.493) | (60.000.000) | (26.283.348) |
| Aðalsjóður, breyting ........................................................ | 7.941.040 | 11.248.000 | (21.001.833) |
| | (52.893.453) | (48.752.000) | (21.001.833) |
| Hækkun á handbæru fé ......................................................... | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé í ársbyrjun ......................................................... | 0 | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok ..........................................................** | **0** | **0** | **0** |

# Skýringar

**Grundvöllur reikningsskilanna:**

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:**

2. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

*Innlausn tekna*

a. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þá þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

*Færsla gjalda*

b. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

*Verðlags- og gengisviðmið*

c. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

*Varanlegir rekstrarfjármunir*

d. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlags-verði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | Ár |
|---|---|
| Fasteignir ........................................ | 33-40 |

*Eignir utan efnahagsreiknings*

h. Fjárfesting í lausafjármunum sem keyptir voru fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

*Fjárhagsáætlun og sundurliðanir ársreiknings*

j. Fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 12.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

**Starfsemi félagsins:**

3. Tilgangur félagsins er að eiga og reka fasteignir, stunda eignaumsýslu, ásamt tengdum rekstri. Félagið er stofnað með það að markmiði að starfa sem rekstrar- og eignarhaldsfélag um fasteignir í þágu Akraneskaupstaðar.

Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf. hefur fengið sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu fasteignar skv. II. kafla reglugerðar nr. 577/1989. Með skráningunni tekur félagið á sig kvöð um leiðréttingu innskatts verði breytingar á notkun fasteignarinnar sem hefur för með sér breytingu á frádráttarrétti innskatts.

**Skýringar, frh.:**

| **Launagjöld:** | 2016 | 2016 Áætlun | 2015 |
|---|---|---|---|
| 4. Launagjöld greinast þannig: | | | |
| Laun | 53.289 | 142.906 | 97.829 |
| Lífeyrissjóður | 4.811 | 16.816 | 8.831 |
| Launatengd gjöld | 4.324 | 15.474 | 8.116 |
| | 62.424 | 175.196 | 114.776 |

**Rekstrargjöld:**

5. Tegundir rekstrargjalda greinast þannig:

| | 2016 | 2016 Áætlun | 2015 |
|---|---|---|---|
| Vörukaup og viðhaldsvörur | 1.478.713 | | 1.412.003 |
| Sérfræðiþjónusta | 710.563 | 313.000 | 633.010 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta | 2.642.784 | 2.425.000 | 1.438.340 |
| Leigugreiðslur | 535.219 | 536.000 | 535.135 |
| Orkukaup | 96.705 | 55.000 | 4.598.077 |
| Mannvirkjagerð og viðhald | 3.706.469 | 8.789.000 | 3.473.669 |
| Vátryggingar og opinber gjöld | 20.250.223 | 20.342.000 | 19.580.492 |
| | 29.420.676 | 32.460.000 | 31.670.726 |

**Fjármagnsliðir:**

6. Fjármagnsliðir greinast þannig:

| | 2016 | 2016 Áætlun | 2015 |
|---|---|---|---|
| *Fjármunatekjur* | | | |
| Vaxtatekjur eigin fyrirtækja | 1.472.277 | 0 | 0 |
| *Fjármagnsgjöld* | | | |
| Vaxtagjöld eigin fyrirtækja | 25.309.155 | 36.035.000 | 26.935.377 |
| Fjármagnsliðir samtals | (23.836.878) | (36.035.000) | (23.389.134) |

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Skóla-mannvirki | Íþrótta-mannvirki | Safnahús | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð í ársbyrjun | 665.899.260 | 437.142.058 | 318.340.375 | 9.899.977 | 1.431.281.670 |
| Afskrifað í ársbyrjun | (134.274.737) | (120.230.793) | (49.740.675) | | (304.246.205) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 531.624.523 | 316.911.265 | 268.599.700 | 9.899.977 | 1.127.035.465 |
| Viðbót á árinu | | | | 2.248.293 | 2.248.293 |
| Afskrifað á árinu | (17.198.604) | (13.114.272) | (7.958.508) | (303.707) | (38.575.091) |
| Bókfært verð í árslok | 514.425.919 | 303.796.993 | 260.641.192 | 11.844.563 | 1.090.708.667 |
| Heildarverð samtals | 665.899.260 | 437.142.058 | 318.340.375 | 12.148.270 | 1.433.529.963 |
| Afskrifað samtals | (151.473.341) | (133.345.065) | (57.699.183) | (303.707) | (342.821.296) |
| Bókfært verð í árslok | 514.425.919 | 303.796.993 | 260.641.192 | 11.844.563 | 1.090.708.667 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5-8% | 3% | 2,5% | 2,5% | |

**Skýringar, frh.:**

***Fasteignamat og vátryggingaverð***

8. Bókfært verð, vátryggingarmat og flatarmál fasteigna í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Brunabótamat | Bókfært verð | Flatarmál m2 |
|---|---|---|---|---|
| Íþróttamannvirki | 548.610.000 | 1.030.650.000 | 303.796.993 | 8.888,8 |
| Bókasafnið | 133.350.000 | 312.300.000 | 260.641.192 | 1.122,1 |
| Tónlistarskólinn | 130.850.000 | 424.750.000 | 301.677.865 | 1.293,4 |
| Leikskólinn Ketilsflöt | 157.750.000 | 377.400.000 | 212.748.054 | 1.182,7 |
| Faxabraut 3 | 4.290.000 | 15.494.000 | 11.844.563 | 94,0 |
| | 974.850.000 | 2.160.594.000 | 1.090.708.667 | 12.581 |

**Eigið fé:**

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

| | 31.12.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun | 726.255.309 | 725.897.572 |
| Hagnaður ársins | 7.943.919 | 357.737 |
| | 734.199.228 | 726.255.309 |

**Skuldbindingar:**

10. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf. hefur fengið sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu fasteignar skv. II. kafla reglugerðar nr. 577/1989. Með skráningunni tekur félagið á sig kvöð um leiðréttingu innskatts verði breytingar á notkun fasteignarinnar sem hefur för með sér breytingu á frádráttarrétti innskatts sem nam í árslok um 215 millj. kr.

**Langtímaskuldir:**

11. Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

| | 31.12.2016 |
|---|---|
| Langtímaskuldir í ársbyrjun | 409.295.839 |
| Afborganir ársins | (60.834.493) |
| Verðbætur | 8.592.500 |
| Langtímskuldir samtals | 357.053.846 |
| Næsta árs afborganir | (26.475.200) |
| | 330.578.646 |
| Vaxtakjör í árslok 2016 | 4% |

Samkvæmt lánasamningum greiðast afborganir langtímaskulda þannig:

| | |
|---|---|
| Árið 2017 | 26.475.200 |
| Árið 2018 | 27.534.208 |
| Árið 2019 | 28.635.576 |
| Árið 2020 | 29.780.999 |
| Árið 2021 | 30.972.239 |
| Síðar | 213.655.624 |
| | 357.053.846 |

**Skýringar, frh.:**

12. Samanburður rekstraráætlana:

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2016 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun félagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Upphafleg fjárhags- áætlun | Viðaukar fjárhags- áætlun | Fjáhags- áætlun með viðaukum |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Rekstrarniðurstaða | 1.293.000 | (9.496.000) | (8.203.000) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 38.272.000 | | 38.272.000 |
| Verðbætur og gengismunur | 18.683.000 | | 18.683.000 |
| Veltufé frá rekstri | 58.248.000 | (9.496.000) | 48.752.000 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Afborganir langtímalána, Aðalsjóður | (60.000.000) | | (60.000.000) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | 1.752.000 | 9.496.000 | 11.248.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | (58.248.000) | 9.496.000 | (48.752.000) |
| Hækkun á handbæru fé | 0 | 0 | 0 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 0 | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | 0 | 0 | 0 |

# Rekstur deilda 2016

| | Sameiginlegir liðir | Íþrótta-mannvirki | Tónlistar-skólinn | Leikskólinn Akrasel | Bókasafn | Endursölueign | Samtals | Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | | | | |
| Húsaleiga | | 47.100.000 | 23.982.900 | 17.980.800 | 9.675.000 | 967.542 | 99.706.242 | 98.739.000 |
| Aðrar tekjur | | | | | | 132.746 | 132.746 | |
| | 0 | 47.100.000 | 23.982.900 | 17.980.800 | 9.675.000 | 1.100.288 | 99.838.988 | 98.739.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 62.424 | | | | | | 62.424 | 175.196 |
| Vörukaup og viðhaldsvörur | | 87.208 | 329.834 | 551.163 | 482.480 | 28.028 | 1.478.713 | |
| Sérfræðiþjónusta | 396.100 | 298.308 | | | 16.155 | | 710.563 | 313.000 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta | 2.147.004 | 236.730 | 500 | 156.908 | 98.774 | 2.868 | 2.642.784 | 2.425.000 |
| Leigugreiðslur | | 295 | 285.972 | | 248.952 | | 535.219 | 536.000 |
| Orkukaup | | | | | | 96.705 | 96.705 | 55.000 |
| Mannvirkjagerð og viðhald | | 817.896 | 459.149 | 1.434.195 | 960.509 | 34.720 | 3.706.469 | 8.789.000 |
| Vátryggingar og opinber gjöld | | 12.320.224 | 3.125.239 | 3.455.065 | 1.220.533 | 129.162 | 20.250.223 | 20.342.000 |
| | 2.605.528 | 13.760.661 | 4.200.694 | 5.597.331 | 3.027.403 | 291.483 | 29.483.100 | 32.635.196 |
| Rekstrarhagnaður (Rekstrartap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði | (2.605.528) | 33.339.339 | 19.782.206 | 12.383.469 | 6.647.597 | 808.805 | 70.355.888 | 66.103.804 |
| Afskriftir | 0 | 13.114.272 | 9.809.856 | 7.388.748 | 7.958.508 | 0 | 38.271.384 | 38.272.000 |
| (Rekstrartap) Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða | (2.605.528) | 20.225.067 | 9.972.350 | 4.994.721 | (1.310.911) | 808.805 | 32.084.504 | 27.831.804 |
| **Fjármagnsliðir:** | | | | | | | | |
| Vaxtatekjur eigin fyrirtæki | 1.472.277 | | | | | | 1.472.277 | |
| Vaxtagjöld eigin fyrirtæki | (25.309.155) | | | | | | (25.309.155) | (36.035.000) |
| | (23.836.878) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | (23.836.878) | (36.035.000) |
| **Hagnaður (Tap) ársins** | (26.442.406) | 20.225.067 | 9.972.350 | 4.994.721 | (1.310.911) | 808.805 | 8.247.626 | (8.203.196) |